

## Spurningar úr "Komdu og skoðaðu land og þjóð".

---

bls. 2-3

1. Kári horfir á Ísland úr flugvél. Hvað sér hann?
  2. Hvað er á láglandi?
  3. Hvað er þéttbýli?
  4. Hvað er dreifbýli?
  5. Hvernig er landslagið á hálendinu?
  6. Hvað ræður ríkjum á hálendinu? (kóngur ræður ríkjum í ríki sínu)
- 

bls. 4

6. Eru mörg eldfjöll á Íslandi?
  7. Hvaða fjall sér Kári gjósa?
  8. Hvað kemur úr eldfjallinu sem er að gjósa? Skoðaðu myndina.
  9. Hvernig er snjórinn á litinn?
  10. Hvernig er himinninn á litinn?
- 

11. Hvað heitir hnötturinn okkar?
  12. Úr hverju er skorpan á jörðinni gerð?
  13. Hvað kallast bráðið grjót sem er inni í jörðinni?
  14. Hvað gerist þegar kvikan kemur upp úr jörðinni á milli flekanna?
  15. Þegar eldgosinu lýkur hvað verður þá um kvikuna sem er komin upp á jörðina?
  16. Hvernig varð Ísland til?
- 

bls. 6

17. Hvaða mál talar Kári?
18. Hvaða mál talar þú?
19. Hvaðan ert þú?

20. Kári er Íslendingur, en þú?
  21. Hvað ætla mamma hans og pabbi að gera í útlöndum?
  22. Hvar á Kári að vera á meðan?
- 

bls. 7

23. Getur þú lýst því hvað er að nema land?
  24. Hvað er fólk kallað sem nemur land?
  25. Ætlar þú að setjast að á Íslandi eða ætlar þú að fara aftur heim til þín?
- 

bls. 8

26. Hvar á frændi Kára heima?
  27. Átt þú frænku í útlöndum?
  28. Hvar á frænka þín heima?
  29. Hvers vegna er alltaf heitt í Afríku?
  30. Hvað er líkt með öllu fólki? (Hvað þurfa allir til að lifa?).
- 

bls. 9

31. Hvað heitir staðurinn sem maðurinn á rætur sínar?  
(Hvar voru heimkynni mannsins fyrst?)
  32. Hvaða húðlit hafði fólk þá?
  33. Hvernig breyttist fólk þegar það fór að aðlagast veðráttunni  
á norðlægum löndum?
  34. Útskýrðu orðið lífvera?
  35. Viltu útskýra hvað átt er við með orðinu að aðlagast? (aðlögun)
- 

bls. 10

36. Í hvaða heimsálfu átt þú heima núna?
37. Er Ísland meginland eða eyja?
38. Kemur þú frá meginlandi eða eyju?

39. Hver er helsta útflutningsvara Íslendinga? (Hvað selja Íslendingar til útlanda?)
40. Íslendingar þurfa að kaupa sum matvæli frá útlöndum, nefnið dæmi?
41. Er hægt að rækta ávexti í þínu landi?
42. Hver er helsta útflutningsvaran í þínu landi?
- 

bls. 11

43. Skín sólin skært á Íslandi í dag?
44. Hvernig er Ísland ólíkt þínu landi?
45. Hvernig er Ísland líkt þínu landi?
46. Finnst þér gott að hafa kalt?
- 

bls. 12

47. Eftir hvaða götum gengur Kári?
48. Hvaða götur sér hann?
49. Við hvaða götu er stjórnarráðið?
50. Hvað heitir höfuðborg Íslands?
- 

bls. 13

51. Hvar eru íslensk lög samin?
52. Hverjir sitja á Alþingi?
53. Hver stjórnar Íslandi?
54. Hverjir velja ríkisstjórn á Íslandi?
55. Í hvaða húsi vinnur ríkisstjórn Íslendinga?
56. Hvað er fólk kallað sem situr í ríkisstjórn?
57. Hvaða starfsheiti hefur fyrirliði ríkisstjórnarinnar?
58. Hvað líða mörg ár á milli þess að ný ríkisstjórn er kosin?

bls. 14

59. 17. júní er þjóðhátíðardagur Íslendinga. Hvenær er þjóðhátíðardagur í þínu landi?
60. Hvað er þjóðbúningur?
61. Amma hans Kára er í þjóðbúningi. Er til þjóðbúningur í þínu landi?
62. Hvaða litir eru í íslenska þjóðfánanum?
63. Hvaða litir eru í þjóðfánanum í þínu landi?
64. Hvað heitir forseti Íslands?
65. 65. Hvað er stytta? (**Statue** á ensku) Flettu orðinu upp í orðabók.
66. Hvaða stytta er á Austurvelli í Reykjavík?
67. Úr hvaða efni voru föt Íslendinga í gamla daga?
68. Hvað eru þjóðlög?
69. Þekkirðu þjóðlag frá þínu landi? Ef svo er hvað heitir það?
70. Um hvað fjalla íslenskar þjóðsögur?
- 

bls. 15.

67. Úr hvaða efni voru næstum öll föt Íslendinga í gamla daga?
68. Hvað eru þjóðlög?
69. Þekkirðu þjóðlag frá þínu landi? Ef svo er hvað heitir það?
70. Um hvað fjalla margar íslenskar þjóðsögur?
- 

bls. 16

71. Er þjóðin þín sjálfstæð þjóð? (ræður hún sér sjálf?)
72. Einu sinni var Ísland ekki sjálfstæð þjóð, hverjir réðu þá yfir Íslandi?
73. Hvað hét fyrsti forsetinn á Íslandi?
74. Hvaða ár varð hann forseti?

bls. 17

75. Hvað þýðir orðið landvættur?

76. Í sögunni um kónginn og galdramanninn er talað um landvætti, hvaða landvættir voru stærstir?

77. Hvað þýðir orðið skjaldarmerki?

78. Hvaða mynd er á skjaldarmerki Íslands?

79. Er til skjaldarmerki í þínu landi? Hvernig er það?

---

bls. 18

80. Hvernig er landslagið á Þingvöllum?

81. Hefur þú komið til Þingvalla?

82. Koma stundum jarðskjálftar í þínu landi?

83. Hvað þýðir orðið þjóðgarður?

84. Eru þjóðgarðar í þínu landi? Eru þeir margir eða fáir?

---

bls. 19

85. Hvar eru matvæli (matur) framleidd (búin til) Íslandi?

86. Hvaða hlutverk hafa hafnir og flugvellir?

87. Hvað skoða ferðamenn þegar þeir heimsækja Ísland?

---

bls. 20

88. Hvar var Alþingi á Íslandi fyrst stofnað?

89. Hvaða ár var það?

90. Hvað var fólk marga daga á Alþingi?

91. Hvað var gert á Alþingi á Þingvöllum?

92. Hvar er Alþingi Íslendinga núna?

bls. 21

94. Teiknaðu vatnsmikla á.

95. Skoðu Íslandskort. Finndu 3 stærstu jökla á Íslandi? Hvað heita þeir?

95. Skoðaðu Íslandskort. Finndu stórt vatn á Íslandi? Hvað heitir það?

96. Hvað verður um rigninguna og snjóinn?

97. Hvað þurfa allar lífverur til að geta lifað?

---

bls. 22

98. Hvað þýðir orðið hverir? (eintala hver)

99. Hvernig hitnar vatnið í hverum?

100. Hvað notar fólk á Íslandi til að hita upp húsin sín?

101. Hvernig myndast stórir fossar (hvernig verða stórir fossar til) eins og Gullfoss.

---

bls. 23

102. Hvers vegna eru sumir fossar virkjaðir?

103. Hvaða kona bað Alþingismenn og aðra sem réðu miklu um að Gullfoss yrði ekki virkjaður?

104. Hver á Gullfoss?

105. Hefur þú skoðað Gullfoss?

---

bls. 24

106. Hvaðan er litla systir Kára?

107. Hvað heitir litla systir Kára?